



TUNGNAÁREYRAR - AUKIN EFNISTAKA

Matsskyldufyrirspurn

27.03.2026



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

113331-SKY-001-V04

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/21

Click or tap here to enter text.

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

AJ

LYKILORÐ

Tilkynning, matsskylda, mat á umhverfisáhrifum, efnistaka.

STADA SKÝRSLU

- ☐ Drög
- ☐ Drög til yfirlestrar
- ☒ Lokið

DREIFING

- ☒ Opin
- ☐ Dreifing með leyfi verkkaupa
- ☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Tungnaáreyrarnáma efnistaka – Fyrirspurn um matsskyldu

VERKHEITI

Tungnaáreyrarnáma efnistaka – Fyrirspurn um matsskyldu

HÖFUNDUR

BRE/AJJ

ÚTDRÁTTUR

Landsvirkjun fyrirhugar að stækka efnistökusvæði E70 í Tungnaáreyrum úr 2,5 ha yfir í allt að 7,5 ha (L229508), þar sem heimiluð efnistaka er aukin úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. Áætlað er að nýta efnið m.a. sem steypumöl fyrir Vaðölduver. Framkvæmdin er til þess ætluð að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu.

Framkvæmd þessi er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. tl. 2.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og áætlana nr. 111/2021.

Framkvæmdaraðili óskar hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort framkvæmdin sé matsskyld.

EFNISYFIRLIT


1	INNGANGUR	5
2	FRAMKVÆMDIN OG FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ	6
2.1	Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið	6
2.2	Staðhættir	6
2.3	Helstu framkvæmdaþættir	6
2.4	Aðalskipulag	7
2.5	Deiliskipulag	9
2.6	Þjóðlenda	9
2.7	Leyfi sem framkvæmdin er háð	10
3	HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR	10
3.1	Matsskylda framkvæmdar	10
3.2	Umhverfispættir	12
3.3	Vistgerðir og fugla- og dýralíf	12
3.4	Jarðmyndanir	13
3.5	Fornminjar	14
3.6	Ásýnd og landslag	14
3.7	Umferð og samgöngur	15
3.8	Vatnshlot	18
3.9	Samlegðaráhrif	20
4	SAMANTEKT	21
5	HEIMILDASKRÁ	23

1 INNGANGUR

Landsvirkjun áætlar stækkun á núverandi efnistökusvæði *Tungnaáreyrum* í Rangárþingi ytra. Um er að ræða stækkun úr 5 ha í allt að 7,5 ha, vestan farvegar Tungnaár, nokkru austan við mörk Ásahrepps, þar sem heimiluð efnistaka er aukin úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. Svæðið er á þjóðlendu (L229508) og því í eigu íslenska ríkisins.

Samhliða matsskyldufyrirspurn er unnið að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og sótt verður um framkvæmdaleyfi á grunni aðalskipulags.

Í þessari matsskyldufyrirspurn verður farið yfir helstu þætti sem snúa að efnistökkunni og mögulegum áhrifum hennar á umhverfið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021. Óskar Landsvirkjun hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögnum.



Mynd 1 Staðsetning efnistökusvæðis, Tungnaáreyrar. Kort: EFLA, 2026.

2 FRAMKVÆMDIN OG FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

Framkvæmdin miðar að efnistöku á malareyrum sunnan farvegjar Tungnaár í Rangárþingi ytra, skammt norðan Sprengisandsleiðar. Efnistökusvæðið E70 hefur lengi verið á skipulagi og er á þjóðlendu, Landmannaafreitti (L229508). Um er að ræða áframhaldandi efnistöku á allt að 7,5 ha svæði með heimilað efnismagn upp á allt að 100.000 m³.

2.1 Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið

Framkvæmdaraðili er Landsvirkjun. Tilgangur framkvæmdar er að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu, þar sem reknar eru sjö vatnsaflsvirkjanir og eitt vindorkuver er í uppbyggingu. Fyrirhuguð efnistaka kemur til með að veita Landsvirkjun meira svigrúm fyrir efnistöku vegna núverandi, fyrirhugaðra og áframhaldandi reksturs og framkvæmda. Markmiðið er að afla jarðefna sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til efnis fyrir einstaka framkvæmdaþætti og rekstur Landsvirkjunar, s.s. steypu og í fyllingarefni með rafstrengjum. Staðsetning á fyrirhuguðu efnistökusvæði kemur til með að lágmarka vegalengdir vegna flutninga á efni og lágmarka þannig kolefnislosun Landsvirkjunar á efnistöku og flutninga jarðefna. Þá er það stefna sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi að gera ráð fyrir fáum en tiltölulega stórum efnistökusvæðum, m.a. til að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni.

2.2 Staðhættir

Efnistökusvæðið er á malareyrum sunnan farvegjar Tungnaár, norðan við Hrauneyjakvísl. Tungnaá fellur nú úr Sporðöldulóni, um aðrennslisgöng að Búðarhálsvirkjun og er því ekki lengur náttúrulegur farvegur en ávallt er talsvert bergvatn í farvegi. Farvegurinn þjónar sem yfirfall/rennslisleið, þurfi að stöðva rennsli um Búðarhálsvirkjun. Silungsveiði er stunduð í farvegi Tungnaár.

Aðkoma að efnistökusvæðinu er frá Sprengisandsleið sem er skilgreindur sem stofnvegur (nr. 26) skv. vegaskrá Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að nýta núverandi aðkomu en skoðað verður með öruggustu aðkomu að svæðinu í samráði við Vegagerðina.

Svæðið er staðsett fjarri byggð en á aðliggjandi og nálægum svæðum er mikil iðnaðarstarfsemi í formi orkuvinnslu; Sultartangastöð, Búrfellsstöð og Búðarhálsstöð, tvær vindmyllur eru á Hafinu sem og vindorkuverið Vaðölduver sem er í uppbyggingu. Auk þess eru samgöngu- og flutningsmannvirki m.a. vegir og háspennulínur auk breyttra vatnsfarvega, lóna og stíflumannvirkja.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar er vistgerðin eyðihraunavist á svæðinu. Skógrækt hefur einnig verið stunduð við svæðið.

2.3 Helstu framkvæmdaþættir

Efnið sem tekið verður úr Tungnaáreyrum verður nýtt við uppbyggingu Vaðölduvers en áætlað er að efnisvinnsla verði mikil á uppbyggingartíma vindorkuversins. Heimild verður til áframhaldandi vinnslu eftir að framkvæmdum við Viðölduver lýkur, s.s. til nýtingar við Sigöldu, Sultartanga og/eða Búrfell.

Því efni sem ekki nýtist til vinnslu, verður ýtt til hliðar og nýtt síðar við frágang á svæðinu. Sá gróður og lífrænn jarðvegur sem fyrir er, er rýr en verður nýttur, eftir því sem kostur er. Efni verður mokað og/eða ýtt upp í vinnsluhauga og eftir atvikum sigtað eða mulið til að það henti betur til notkunar.

Eftir því sem hægt er verður svæðum lokað þegar vinnslu lýkur og/eða nýtanlegt efni þrýtur. Raskað svæði verður jafnað og aðlagð að nálægu landi.

Við lok framkvæmda við Vaðölduver verður svæðið jafnað og aðlagð að aðliggjandi svæðum en a.m.k. hluti þess verður haldið opnu áfram, í samráði við sveitarfélag og eftir atvikum aðra aðila til áframhaldandi nýtingar, þá innan þeirra marka sem skilgreind eru í skipulagi. Ávallt skal leitast við að ganga jafnóðum frá unnum svæðum og taka ekki stærra svæði til nýtingar, en þörf er á.

Nánar verður gerð grein fyrir vinnslunni og þ.m.t. frágangi svæðis í umsókn um framkvæmdaleyfi.



Mynd 2 Fyrirhuguð afmörkun efnistökusvæðis í Tungnaáreyrum. Mynd í eigu Landsvirkjunar.

2.4 Aðalskipulag

Svæðið er skilgreint sem efnistöku- og efnislosunarsvæði (E70) samkvæmt gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Það er staðsett inn á óbyggðu svæði (OB) en aðliggjandi er SL26, Hekluslógar. Gildandi skilmálar fyrir svæðið heimila allt að 50.000m³ á allt að 5 ha svæði.

Eftirfarandi almennir skilmálar gilda um efnistökusvæði í aðalskipulagi Rangárþings ytra:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá og hverfisverndunarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi skv. lögum.

- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni. Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar og eru þær í eða við núverandi vegstæði til að lágmarka umhverfisáhrif.

Námur verða einungis opnar á framkvæmdatíma og gengið frá þeim um leið og efnistöku lýkur. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi sbr. reglugerð nr. 772/2012. Þegar efnistökusvæði er valið þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efnið til þess sem það er best til fallið.

Unnið er að breytingu aðalskipulags þar sem gert er ráð fyrir fyrirhugaðri stækkun á námusvæðinu og aukningu á efnistökmagni.

Tafla 1 Hluti töflu gildandi aðalskipulags fyrir efnistökusvæði.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E70	Tungnaá	Sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar er fyllingar og steypuefni. Mati á umhverfisáhrifum er lokið. Unnir verða allt að 50.000 m ³ . Stærð er um 5 ha.	Afréttur

Tafla 2 Tafla fyrir efnistökusvæði skv. tillögu að breytingu aðalskipulags.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E70	Tungnaá	Sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar er fyllingar og steypuefni. Gætt skal að raska ekki veiðivatni á veiðitíma. Unnir verða allt að 100.000 m ³ . Stærð er um 7,5 ha. Ganga skal frá námu jafnóðum, eftir að svæði hafa verið fullnýtt og öllu efnistökusvæði þegar nýtingu lýkur.	Afréttur

Í kafla 2.3.2 **Skógræktar- og landgræðslusvæði** segir að skógræktar- og landgræðslusvæði, skv. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru skilgreind sem „svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu“. Eftirfarandi stefna er fyrir skógrækt og landgræðslusvæði:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.
- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásynd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásynd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.


Tafla 3 Hluti töflu gildandi aðalskipulags fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING
SL26	Árskógar	Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.763 ha.

Í kafla 2.4.1 **Óbyggð svæði** segir að óbyggð svæði, skv. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“. Hálendissvæði sveitarfélagsins eru að miklu leyti skilgreind sem óbyggð svæði, auk svæða

í ofanverðri byggðinni, s.s. eyðibygðir í ofanverðri Landsveit og á Rangárvöllum. Eftirfarandi stefna er um óbyggð svæði:

- Stuðlað verði að verndun og endurheimt gróðurfars.
- Landeigendum verðu áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttum.
- Bæta öryggi íbúa og ferðamanna.
- Umferð um hálendissvæði verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða



MYND 3. Hluti Aðalskipulags Rangárpings ytra 2016-2028. Skipulagssvæðið er innan rauða hringins.

2.5 Deiliskipulag

Ekki er gert ráð fyrir deiliskipulagi, en sótt verður um framkvæmdaleyfi á grunni aðalskipulags.

2.6 Þjóðlenda

Svæðið er innan þjóðlendu Landmannaafréttar (L229508). Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má engin hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera raðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku og fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags skv.

2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

2.7 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Eftir atvikum getur framkvæmdin verið háð eftirfarandi leyfum:

Sveitarfélagið Rangárþing ytra: Efnistaka er háð framkvæmdarleyfi sveitarfélagsins skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdarleyfi.

Forsætisráðuneytið: Leyfi til að nýta efni innan svæðis skv. 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlands, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi vegna starfseminnar skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

Minjastofnun Íslands: Finnist fornminjar við framkvæmdir eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum á svæðinu þarf til samþykki Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

3.1 Matsskylda framkvæmdar

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru metin samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laganna fellur þessi framkvæmd í flokk B og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Búrfellslundur fór í umhverfismat framkvæmda (árið 2015) og tók matið yfir mun stærra svæði, ekki var sérstök áhersla á námur innan svæðisins. En eftir atvikum verður vitnað til álits Skipulagsstofnunar, dags. 21 des. 2015, í niðurstöðuköflum matsins.

Eftirfarandi töflur gefa yfirlit yfir hugtök sem notuð eru við mat á einkennum og vægi umhverfisáhrifa:

TAFLA 4 Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.

EINKENNI ÁHRIFA	SKÝRING
Bein áhrif	Bein áhrif sem gera má ráð fyrir að framkvæmd muni hafa á tiltekna umhverfisþætti.
Óbein áhrif	Áhrif á umhverfisþætti sem ekki eru bein afleiðing framkvæmdar. Áhrifin geta komið fram í tiltekinni fjarlægð í tíma og/eða rúmi og verið afleiðing samspils mismunandi þátta sem þó má rekja til framkvæmdarinnar. Óbeinum áhrifum er einnig hægt að lýsa sem afleiddum áhrifum.
Jákvæð áhrif	Áhrif framkvæmdar sem talin eru til bóta fyrir umhverfið á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau séu talin verða til bóta.
Neikvæð áhrif	Áhrif framkvæmdar sem talin eru skerða eða rýra gildi tiltekna eða tiltekna umhverfisþátta á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski.
Varanleg áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa til frambúðar á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. með tilliti til æviskeiðs núlífandi manna og komandi kynslóða.
Tímabundin áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa tímabundið á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. í nokkrar vikur, mánuði eða ár.
Afturkræf áhrif	Áhrif framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti, sem líta má á að séu þess eðlis að áhrifanna hætti að gæta eftir tiltekinn tíma og að raunhæft sé eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa í sama

EINKENNI ÁHRIFA	SKÝRING
	eða svipað horf og áður en kom til framkvæmda. Gera verður ráð fyrir að áhrifin séu afturkræf á a.m.k. tímaskala núlifandi manna en afturkræf áhrif geta einnig verið háð því að ummerki séu fjarlægð innan ákveðins tíma, t.d. ef um er að ræða áhrif á lífríki.
Óafturkræf áhrif	Áhrif sem í eðli sínu fela í sér að tilteknir umhverfispáttir verða fyrir varanlegri breytingu eða tjóni vegna framkvæmdar sem ekki er raunhæft eða unnt að afturkalla.
Samlegðaráhrif	Hér er hugtakið samlegðaráhrif bæði notað um svokölluð samvirk og sammögnuð áhrif, þ.e. um áhrif mismunandi þátta framkvæmdar sem hafa samanlagt tiltekin umhverfisáhrif eða sem jafnvel magnast upp yfir tiltekið tímabil. Þetta getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfispátt eða tiltekið svæði.
Umtalsverð umhverfisáhrif	Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

TAFLA 5 Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Veruleg jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Veruleg neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin áhrif	Engin áhrif af framkvæmd eða áætlun á umhverfispátt/-þætti.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.


3.2 Umhverfispættir

Framkvæmdin er talin hafa áhrif á eftirtalda umhverfispætti, bæði á framkvæmdar- og rekstrartíma:

- Vistgerðir
- Jarðmyndanir
- Ásýnd og landslag
- Vatnshlot
- Fugla- og dýralíf
- Fornminjar
- Umferð og samgöngur
- Samlegðaráhrif

3.3 Vistgerðir og fugla- og dýralíf

Framkvæmdarsvæðið er skilgreint sem eyðihraunvist skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (Mynd 4). Verndargildi vistgerðarinnar er lágt en finnst hún víða um land á ungum, lítt grónum hraunum og eldri hraunum þar sem gróðurframvinda er hæg vegna sandfoks [1]. Skógrækt hefur einnig verið stunduð í grennd við svæðið. Á framkvæmdasvæðinu má einnig finna vistgerðir sem hafa verndargildi samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar á meðal eru hélumosavist og rekjuvist.



Mynd 4 Vistgerðir innan áhrifasvæðis Tungnaáreyrarnámu, skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar.

Hélumosavist er lýst sem allvel grónu landi, flatt til hallandi, þurrt til deigt, sums staðar nokkuð grýtt með mikilli lífrænni jarðvegsskán sem að uppistöðu er hélumosi. Fuglalíf er fremur rýrt í vistgerðinni en einkennisfuglar eru þó heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) og snjótittlingur (*Plectrophenax nivalis*), einnig sandlóa (*Charadrius hiaticula*), sendlingur (*Calidris maritima*) og rjúpa (*Lagopus mutus*) [2].

Rekjuvist er lýst sem er allvel grónu, rakt og hallalítið, mosaríku landi til heiða og fjalla, oft með smálækjum og bleytum, mýragróður er í lægðum en mólendisplöntur á þurrari rimum og þúfum. Töluvert fuglalíf, algengustu varpfuglar eru heiðlóa, lóupræll (*Calidris alpina*), heiðagæs (*Anser barachyrhynchus*) og sendlingur [3].

Báðar vistgerðirnar hafa miðlungs verndargildi og eru þær báðar á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Vert er að taka fram að gögnin byggja á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, en eins og þekkist þá eru nokkur óvissa í vistgerðarkortinu. Á loftmyndum má sjá að svæðið er fremur rýrt hvað varðar gróðurhulu (mynd 1).

Niðurstaða

Vistgerðir á framkvæmdarsvæðinu munu verða fyrir beinu og varanlegu raski. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er ekki að finna vistgerðir með hátt verndargildi. Áhrif framkvæmda á vistgerðir eru takmarkaðar þar sem svæðið er að stærstum hluta lítt eða ógróið land. Áhersla verður lögð á góðan frágang að efnistöku lokinni, s.s. með skilmálum í aðalskipulagi og framkvæmdarleyfi sem getur stuðlað að náttúrulegri gróðurframvindu. Áhrif á búsvæði dýra er neikvæð þar sem framkvæmdir munu líklega fæla fugla í burtu á meðan þeim stendur. Að framkvæmdartíma loknum getur svæðið aftur orðið búsvæði fugla. Áhrif á lax- og silungsveiði er óviss, áhrif geta verið á vatnafar og lífríki á meðan framkvæmdir standa yfir. Verði framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, verður haft samráð við Fiskistofu og eftir atvikum sótt um leyfi til stofnunarinnar sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.

Mat framkvæmdaraðila er að áhrif framkvæmda á vistgerðir, fuglalíf og annað dýralíf verði tímabundin og óveruleg.

3.4 Jarðmyndanir

Samkvæmt jarðfræðivefsjá [4] Náttúrufræðistofnunar er framkvæmdasvæðið innan nútímahrauns úr Bárðarbungu. Berggrunnur framkvæmdarsvæðisins einkennist af forsögulegu, basísku og ísúru hrauni, myndað á nútíma. Nútímahraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hraun frá nútíma þekja stóran hluta gosbeltis Íslands. Svæðið liggur rétt fyrir norðan Leirdalshraun en utan kortlagningar af hrauninu um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 [5].

Hraunið er sandorpið og er einungis sýnilegt að takmörkuðu leyti og hefur því verndargildi hraunsins rýrnað ásamt því að svæðinu hefur verið talsvert raskað vegna mannvirkjagerðar innan iðnaðarsvæða. Óhjákvæmilega munu jarðmyndanir raskast varanlega við efnistöku en með efnistöku innan um þegar skilgreind og röskuð framkvæmdarsvæði er stuðlað að vernd annarra lítt raskaða landsvæða.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er nú þegar töluvert raskað þar sem um svæðið liggja vegslóðar auk þess sem svæðið er í grennd við Sultartangalón og stíflu þess. Óhjákvæmilega mun þurfa að raska jarðmyndunum og munu því fylgja bein, neikvæð áhrif á þessar jarðmyndanir og eru áhrif varanleg.

Niðurstaða

Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu koma til með að verða fyrir beinu og varanlegu raski. Jarðfræði svæðisins er vel þekkt eftir áralanga efnisvinnslu á svæðinu og þá njóta jarðmyndanir svæðisins ekki sérstakar verndar samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar.

Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir verði óverulegar með tilliti til þess að svæðið nýtur ekki verndar skv. náttúruverndarlögum og að gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni.

3.5 Fornminjar

Unnin hefur verið fornleifaskráning á Tungnaáreyrum vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Fornleifaskráning fór fram í janúar 2026 og var unnin af Fornleifastofnun Íslands. Ekki fundust minjar innan úttektarsvæðis við skráningu. Svæðið er á gömlum áreyrum og er þegar mikið raskað vegna efnistöku. Með tilliti til sögu svæðisins og landshátta er talið ólíklegt að fornleifar hafi verið að finna á svæðinu áður en framkvæmdir hófust [6].

Vert er að taka fram að farið verður eftir ákvæði 24. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þess efnis að ef fornminjar finnast sem áður voru ókunnar, skuli skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Ef fornminjar finnast við framkvæmd verks skal framkvæmdaraðili stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum og óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Fulltrúum framkvæmdaraðila er kunnugt um þetta ákvæði.

Niðurstaða

Framkvæmdaraðili telur að fyrirhuguð áform muni ekki hafa áhrif á fornminjar.

3.6 Ásýnd og landslag

Samkvæmt landsgerðaflokkun sem unnin var á landsvísu árið 2020 [7] flokkast framkvæmdarsvæðið undir landslagsgerð 4.2 *Ungt fjallendi með nútímahraunum*. Um landslagsgerðina segir: „*Ung hraun og fjalllendi á virka eldstöðvabeltinu. Þar er að finna móbergsfjöll eða stapa með hraunum og grýttum eða sendnum flóðasléttum í lægðum. Gróður er gisinn, aðallega mosi eða gras.*“

Enn frekar er svæðið flokkað sem svæði 5.1.1:

„**5.2.5 Þórisvatn og Hrauneyjar:** Svæði sunnarlega á miðhálandinu, í um 250 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Landform eru flöt eða öldótt með stökum hæðum og fjöllum þegar ofar dregur. Á yfirborði eru hraun þakin sandi og vikri. Rof er mikið. Unnið hefur verið að landgræðslu á láglendari hluta svæðisins þar sem lúpinu og melgresi hefur verið sáð og birki plantað. Þess utan er gróður aðeins við ár og læki. Nokkrar vatnsaflsvirkjanir, stór miðlunarlón og háspennulínur eru innan svæðisins. Vegir liggja um svæðið auk þess sem þar eru nokkrir fjallaskálar.“



Mynd 5. Efnistökusvæðið. Mynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Efnistaka kemur til með að hafa tímabundin áhrif á ásýnd svæðis. Áhrif á landslag á svæðinu eru nú þegar töluverð vegna eldri framkvæmda og koma viðbótaráhrif af efnistöku til með að felast í efnistöku sjálfri og haugsetningu. Ekki er gert ráð fyrir að mikið sjáanlegt rask verði frá helstu vegum vegna efnistöku sjálfrar. Efnistakan er lágt í landi og munu ásýndaráhrif ná til fárra. Framkvæmdaraðili telur að áhrifin séu tímabundin þar sem mögulegt er að aðlaga svæðið að landinu og umhverfi þess þegar efnistöku líkur með landmótun.

Niðurstaða


Framkvæmdarsvæðið liggur við fjölfarnar og vinsælar ferðamannaleiðir inn á Suðurláendið. Gerð verður krafa til verktaka um snyrtilega umgengi á framkvæmdatíma og vandaðann frágang á efnistökusvæði að nýtingu lokinni og draga þannig úr áhrifum á ásýnd. Aukin efnistaka á svæðinu er í samræmi við stefnu Landsvirkjunar og sveitarfélagsins um fáar en tiltölulega stórar námur til að hlífa óröskuðum svæðum. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og landslag verði óveruleg, tímabundin og að mestu afturkræf.

3.7 Umferð og samgöngur

Fyrirhugað framkvæmdasvæði og nærliggjandi svæði eru mikið manngerð, aðallega í tengslum við uppbyggingu orkumannvirkja. Í nágrenni svæðisins er að finna sjö vatnsaflsstöðvar og liggja háspennulínur í grennd við svæðið. Samhliða virkjun Þjórsársvæðisins hefur átt sér stað öflug uppbygging á vegakerfinu sem kemur til með að halda áfram við áframhaldandi uppbyggingu, s.s. vegna Vaðölduvers. Framkvæmdasvæðið er staðsett í jaðri Suðurláendisins og eru flestir sem eiga leið þar um á leiðinni inn á hálendið eða að koma þaðan.

Efni verður nýtt á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, á helstu framkvæmdarsvæðum Landsvirkjunar þar. Að öllum líkindum nýtist efnið að mestu við uppbyggingu Vaðölduvers sem tengist efnistökusvæðinu með Sprengisandsleið (26). Notast verður við núverandi slóða frá efnistökusvæðinu og að Sprengisandsleið.

Áhersla verður lögð á að raska ekki svæði óþarflega við gerð vinnuslóða. Eftir atvikum verður efni einnig nýtt innan annarra svæða Landsvirkjunar, s.s. við Sigöldu, Sultartanga og Búrfell. Mynd 6 sýnir helstu veltengingar milli efnistökusvæðis og mögulegra nýtingarstaða.



Mynd 6 Veltengingar milli efnistökusvæðis og að helstu deiliskipulagssvæðum Landsvirkjunar. Mynd: EFLA, 2026.

Efnistökusvæðið er við Sprengisandsleið. Samkvæmt vefsíðu Vegagerðarinnar [8] var áætluð meðalumferð á dag yfir árið (ársdagsumferð, ÁDU) um 215 bílar árið 2024, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september (sumardagsumferð, SDU) var 325 bílar og meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember (vetrardagsumferð, VDU) var 125 bílar.

Verði efni flutt lengra má gera ráð fyrir að Landvegur og/eða Þjórsárdalsvegur verða nýttir. Landvegur er með skráð þversnið C7, litlar vegaxlir og malarstlitlag á köflum. Unnið er að vegbótum og verður hann með bundnu slitlagi. Stefnt er á verklok í júní 2026. Vegurinn var með áætlað ÁDU um 125 bílar árið 2024, meðalumferð yfir sumardaga (SDU) var 160 bílar og vetrarumferð (VDU) var 90 bílar. Þjórsárdalsvegur er með skráð þversnið C8 og er með bundið slitlag, áætlað ÁDU um 280 bílar, SDU var 440 bílar og VDU var 160 bílar árið 2024.



Mynd 7 Upplýsingar um slitlag vega innan svæðis. Mynd: skjáskot af <https://umferdin.is/slitlag>.

Umferð vegna fyrirhugaðrar efnistöku á svæðinu verður takmörkuð og fyrst og fremst staðbundin þar sem allt efni verður nýtt í nágrenni efnistökusvæðisins eins og kostur er. Heildarefnistaka á svæðinu verður um 120.000 m³. Náman hefur þegar verið í nýtingu og áætlað framkvæmdaraðili að um 50.000 m³ af efni eigi eftir að verða tekið úr námunni.

Til að meta áætlaða umferðaraukningu vegna efnisflutninga er gert ráð fyrir eftirfarandi:

- hvert ökutæki getur flutt 18m³
- Það eru 250 virkir dagar á ári
- Úrtak um 50.000 m³ af efni verði flutt á einu ári.

Með tilliti til þessa gæti umferð aukist mest um 22 ökutæki á dag í þversniði eða 11 ökutæki í hvora akstursstefnu ($50.000/18 = 2.777$ á virkum dögum $2.777/250 = 11,1$). Um er að ræða grófa útreikninga sem miða við að allt efni sé tekið á einu ári og flutt í burtu frá framkvæmdarsvæði Vaðölduvers. Hinsvegar munu flutningar í flestum tilfellum felast í stuttum leiðum innan eða við svæðið.

Unnið er að uppbyggingu efri hluta Landvegar sem kemur til með að vera nýttur við flutninga. Um er að ræða um 13 km langan kafla Landvegar (26) milli slóða að Áfangagili skammt norðan Landmannaleiðar og móta Þjórsárdalsvegur (32) og Sprengisandsleiðar (26). Verkið felst í að styrkja veginn að mestu í sömu legu og hann er nú og verður Landvegur af tegundinni C7, eða 7 m breiður að meðtöldum öxlum. Samkvæmt Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar þolir vegur eins og Landvegur (með C7 þversnið) ekki nema 5 þung ökutæki/sólarhring [9]. Hins vegar, ef farið verður lengri leiðir og Þjórsárdalsvegur fyrir valinu, verður þörf á að meta hvort brú yfir Þjórsárdal (í stöð 1400) þoli aukið álag vegna efnistökkunnar.

Með tilliti til metinnar umferðaraukningar er ekki talin þörf á breytingum á nærliggjandi gatnamótum, en sem dæmi kallar aukning í umferð ekki á sér vinstri beygju reinar [10].

Náman hefur lengi verið í notkun og því hefur umferð verið um svæðið nú þegar. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hversu tíðar ferðir verða frá svæðinu en lögð er áhersla á að unnið sé í samráði við Vegagerðina vegna flutninga og burðarþols vega. Helstu áhrif af nýtingu námunnar eru bundin við inn-

og útakstur vinnuvéla. Á framkvæmdatíma þarf að gæta að skýrum merkingum í samræmi við reglur Vegagerðarinnar um merkingar vegna framkvæmda á og við veg.

Framkvæmdaraðili mun tryggja að allar framkvæmdir, skipulag flutninga og mótvægisáðgerðir séu unnar í reglulegu og virku samráði við Vegagerðina á meðan efnistaka stendur yfir. Þetta er gert til að tryggja að framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á umferð og hafi ekki varanlega áhrif á innviði og öryggi. Áhrif á umferð er bundin framkvæmdartíma Vaðölduvers.

Niðurstaða

Fyrirhuguð efnistaka er líkleg til að hafa ekki mikil áhrif á umferð og samgöngur á svæðinu umfram það sem þegar hefur verið framkvæmt á svæðinu vegna núverandi og fyrirhugaðra orkumannvirkja. Framkvæmdaraðili telur því áhrif framkvæmdarinnar á umferð og samgöngur vera óveruleg.


3.8 Vatnshlot

Náman stendur vestan farvegar Tungnaár. Þrjú vatnshlot eru skilgreind í og við framkvæmdarsvæðið, grunnvatnshlotið Tungnaárhraun 103-308-G, straumvatnshlotin Tungnaá 1 103-1362-R og Hrauneyjakvísl 103-1361-R. Efnistakan er staðsett á svæðinu sem liggur á milli straumvatnshlotanna tveggja (tafla 5). Áhrif á grunnvatnshlot eru metin út frá magnstöðu og efnafræðilegu ástandi og áhrif á straumvatn eru metin út frá vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Til að meta hvort framkvæmdin kunni að hafa áhrif á vatnshlotin, er leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar fylgt um hvernig beri að framkvæma slíkt mat [9].


Tafla 6 Vatnshlot innan eða í nálægð við framkvæmdarsvæðið. (Upplýsingar skv. vatnavefsja.is) [10, 11, 12]

Vatnshlot	Umhverfismarkmið			Ástand			Áhætta			Álag
	Magnst.	Vistfr.	Efnafr.	Magnst.	Vistfr.	Efnafr.	Magnst.	Vistfr.	Efnafr.	
Grunnvatnshlot: Tungnaárhraun 103-308-G										
	Góð		Góð	Óþekkt		Óþekkt	Óskilgr.		Óskilgr.	Ekki skráð
Straumvatnshlot: Tungnaá 1 103-1362-R										
		Mjög gott	Gott		Óflokk að	Óþekkt		Ekki í hættu	Ekki í hættu	Vatnafræðilegar breytingar, Vatns-aflsvirkjun m. rennslimiðlun
Straumvatnshlot: Hrauneyjakvísl 103-1361-R										
		Mjög gott	Gott		Óflokk að	Óþekkt		Ekki í hættu	Ekki í hættu	Vatnafræðilegar breytingar, Vatns-aflsvirkjun m. rennslimiðlun


Á myndum 6, 7 og 8 má sjá útbreiðslu vatnshlotana. Framkvæmdarsvæðið er gróflega afmarkað innan rauðu hringjanna.



MYND 8 Útmörk grunnvatnshlotsins Tungnaárhraun. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsjá.



MYND 9 Straumvatnshlotið Tungnaá 1. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsjá.



Mynd 10 Straumvatnshlotið Hrauneyjarkvísl. Mynd er skjáskot úr Vatnavefsjá.

Áhrif á straumvatnshlot er metið út frá vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand er metið út frá lífríki og ýmsum eðlisefna- og vatnsformfræðilegum gæðapáttum sem hafa áhrif á lífríki. Efnafræðilegt ástand er metið út frá styrk forgangsefna (mengandi og þrávirk efni). Forgangsefni eru efni og efnasambönd sem hafa verið skilgreind sem hættuleg og þrávirk og valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni og umhverfi þess. Slík efni geta verið t.d. þungamálmar, málmar, varnarefni, PAH og PFOS efni sem koma fram við bruna eldsneytis.

Efnistökusvæðið liggur á milli tveggja straumvatnshlota og er því möguleiki á að rennsli geti breyst eftir umfangi og staðsetningu efnistökkunnar. Grugg og setflutningur getur borist út í straumvatn frá framkvæmdarsvæðinu sem getur valdið upphleðslu eða þrengrt farvegi og haft áhrif á lífríki. Vert er að taka fram að farvegur straumvatnshlotanna sem um ræðir hefur þegar tekið miklum breytingum þar sem virkjanaframkvæmdir á Tungnaár-Þjórsár svæðinu hafa haft umtalsverð áhrif á vatnsformfræði vatnshlota (Vatnaáætlun 2022-2027). Efnistöku verður háttað með þeim hætti, m.t.t. rennslis straumvatnshlota og hæð á landi eða sem minnst áhrif verði á farveg beggja straumvatnshlotanna.

Helsta hættan er ef til efnamengunar kemur, s.s. vegna vinnuvéla og olúgeymslu eða meðhöndlunar innan svæðis. Innan efnistökusvæðis eru nýttar stórar vinnuvélar sem ganga fyrir olíu. Við meðhöndlun þeirra getur komið upp smávægilegur olíuleki frá vél eða við áfyllingu. Engar olúgeymslur né mannvirki verða á svæðinu og ekki verða geymd mengandi efni í námunni. Efnistaka hefur þegar staðið yfir á svæðinu í talsverðan tíma og hefur ekki komið til mengunar sökum fyrri framkvæmda. Ekki er talið líklegt að fyrirhuguð stækkun komi til með að hafa frekari mengun í för með sér.

Áhrif á grunnvatnshlot er metið út frá magnstöðu og efnafræðilegu ástandi. Engin áhrif eru á magnstöðu grunnvatnshlotsins þar sem vatnstaka er ekki fyrirhuguð í tengslum við framkvæmdina. Nokkrar vatnstökuholur fyrir neysluvatn eru staðsettar norðan við Sprengisandsleið skv. aðalskipulagi en efnistaka fer fram fjarri verndarsvæðum þeirra. Engin fráveita er fyrirhuguð innan svæðis sem getur valdið mengun á grunn- og neysluvatni. Efnafræðilegt ástand getur verið í hættu vegna mengandi efna sem geta komið til vegna vinnslu á efni. Við útgáfu framkvæmdaleyfa/starfsleyfa verða settir skilmálar um að ekki sé heimilt að geyma olíur eða önnur mengandi efni á efnistökusvæðinu. Sé skilmálum þess fylgt telur framkvæmdaraðili ekki líklegt að efnafræðilegt ástand vatnshlotsins komi til með að hnigna.

Niðurstaða

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg áhrif á umhverfisþáttinn. Helsta hættan sem stafar af framkvæmdinni er ef til efnamengunar kemur. Sótt verður um framkvæmdarleyfi hjá sveitarfélaginu og starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Farið verður eftir þeim kröfum sem settar verða fram í tilteknum leyfum, slíkt getur snúið að meðhöndlun á tækjum og búnaði, þá sérstaklega olíu og viðeigandi viðbragðsáætlana ef til slysa kemur. Jafnframt telur framkvæmdaraðili að framkvæmdin sé ekki til þess fallin að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

3.9 Samlegðaráhrif

Framkvæmdarsvæðið er innan Þjórsár- og Tungnaáarsvæðisins, stærsta athafnasvæði Landsvirkjunar. Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðinu, m.a. í tengslum við Hvammsvirkjun og vindorkuvers við Vaðöldu. Uppbygging og aðrar tengdar framkvæmdir á svæðinu leiða óhjákvæmilega til samverkandi áhrifa sem mikilvægt er að meta í heild enda er um bæði jákvæð og neikvæð áhrif að ræða.

Líta má á jákvæð samlegðaráhrif sem felast í því að beina orkuframleiðslu, uppbyggingu og tengdum framkvæmdum, líkt og efnistöku, á þau svæði sem þegar eru röskuð og hafa verið nýtt vegna fyrri framkvæmda. Slíkt dregur úr þörf á að beina uppbyggingu á lítt snortin svæði og þar með minnka umhverfisrask á áður óröskuðum svæðum á landsvísi. Þessi nálgun styður við markmið Landsvirkjunar og sveitarfélagsins um að stuðla að sjálfbærri þróun og tryggja ábyrga nýtingu lands. Á sama tíma stuðlar samþætt framkvæmdar- og uppbyggingarsvæði orkukerfisins að aukinni orkuframleiðslu og

bættu orkuöryggi þjóðarinnar, sem er sérstaklega mikilvægt í ljósi aukinnar áherslur á orkuskipti og nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Hins vegar getur samspil marga stórra og minni framkvæmda á sama svæði skapað samlegðaráhrif sem hafa neikvæð áhrif á ákveðna umhverfispætti. Þar má nefna aukið álag á samgöngukerfið vegna flutnings á efni og tækjum, sem geta haft áhrif á umferðaröryggi, þjónustustig vega og upplifun ferðamanna og íbúa. Einnig geta framkvæmdir á mörgum stöðum samtímis haft áhrif á ásýnd og landslag, aukið hávaða og ryk og haft áhrif á lífríki á meðan framkvæmdir standa yfir. Þessi áhrif eru oft tímabundin og háð áfangaskiptingu verkefna Landsvirkjunar.

Landsvirkjun er meðvituð um samlegðaráhrif verkefna og leggur áherslu á að framkvæmdir skerði ekki umhverfi til lengri tíma. Unnið er með markvissa stýringu á efnistöku á hverju svæði fyrir sig og fyrir svæðið í heild sinni. Áhersla er lögð á vandaðar flutningsleiðir og virkt samráð við Vegagerðina. Með skipulagi á framkvæmdartíma og viðeigandi mótvægisáðgerðir sem gerðar eru hverju sinni er hægt að draga úr samverkandi áhrifum.

4 SAMANTEKT

Tafla 7. Niðurstöður framkvæmdaraðila.

UMHVERFISPÁTTUR	NIÐURSTÖÐUR
Vistgerðir, fugla- og dýralíf	Vistgerðir á framkvæmdarsvæðinu verða fyrir beinu raski, þó eru engar vistgerðir með hátt verndargildi og landið að mestu lítt eða ógróið. Áhrif talin lítil og talið er að gróður geti tekið við sér að framkvæmdum loknum. Fuglalíf verður fyrir tímabundnum truflunum en búsvæði ættu að endurheimtast eftir framkvæmdir. Áhrif eru tímabundin og óveruleg með réttum frágangi.
Jarðmyndanir	Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu verða fyrir beinu raski á framkvæmdartíma. Jarðfræði svæðisins er vel þekkt eftir áralanga efnisvinnslu á svæðinu og þá njóta jarðmyndanir svæðisins ekki sérstakar verndar. Áhrif eru metin óveruleg.
Fornminjar	Engar þekktar minjar eru innan svæðis. Engin áhrif.
Ásýnd og landslag	Svæðið er þegar raskað vegna efnistöku en er við vinsælar ferðamannaleiðir. Krafa er gerð um snyrtilega umgengi á framkvæmdartíma og vandaðan frágang á svæðinu að efnistöku lokinni til að draga úr ásýndaráhrifum. Áhrif metin óveruleg, tímabundin og að mestu afturkræf.
Umferð og samgöngur	Framkvæmdaraðili telur að nýtt efnistökusvæði muni hafa óverulegar breytingar í för með sér fyrir núverandi umferð á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur því áhrif framkvæmdar vera tímabundin og óveruleg.
Vatnshlot	Framkvæmd kemur ekki til með að umhverfismarkmið vatnshlota náist ekki. Áhrif eru metin óveruleg.
Samlegðaráhrif	Jákvæð áhrif á orkuframleiðslu og orkuöryggi, stuðlar að ábyrgri nýtingu lands. Neikvæð áhrif á ákveðna umhverfispætti þar sem margar stórar og minni framkvæmdir auka áhrif á þætti eins og ásýnd og umferð. Áhrif metin verulega jákvæð og nokkuð neikvæð.

Framkvæmdaraðili telur að yfir heildina séu áhrif af aukinni efnistöku við Tungnaáreyrar óveruleg/jákvæð. Verið er að nýta svæði sem þegar hefur verið raskað og er í nálægð við fyrirhugaða notkunarstaði efnis, sem dregur úr löngum flutningsleiðum með tilheyrandi áhrifum. Stuðlað er að hagkvæmri nýtingu lands og innviða. Leitast verður eftir að raska landi sem minnst og áhersla lögð á góðan frágang svæðis þegar efnistöku lýkur. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið með því að stuðla að uppbyggingu umhverfisvænnar orkuvinnslu og minnka kolefnispor framkvæmda á vegum framkvæmdaraðila.

Í þessu ferli mun Skipulagsstofnun taka ákvörðun um það hvort að framkvæmdin sé háð fullu mati á umhverfisáhrifum. Skv. 18. gr. laga nr. 111/2021 skulu framkvæmdir gangast undir umhverfismat „þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif“. Framkvæmdaraðili telur að slíkt eigi ekki við um þessa framkvæmd, henni fylgja ekki slík umtalsverð umhverfisáhrif.

5 HEIMILDASKRÁ

[1 Náttúrufræðistofnun, „Eyðihraunavist,“ 2025. [Á neti]. Available: <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/eydihraunavist> 2]

[2 Náttúrufræðistofnun, „Helumosavist,“ 2025. [Á neti]. Available: <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/helumosavist>]

[3 Náttúrufræðistofnun, „Rekjuvist,“ 2025. [Á neti]. Available: <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/rekjuvist>]

[4 Náttúrufræðistofnun, „Jarðfræði Íslands,“ 2025. [Á neti] Available: <https://jardfraedikort.ni.is/>]

[5 Náttúrufræðistofnun, „Sérstök vernd,“ 2025. [Á neti] Available: <https://serstokvernd.ni.is/>]

[6 Fornleifastofnun Íslands, „Fornleifaskráning á Tungnaáreyrjum Rangárþingi ytra,“ Fornleifastofnun Íslands, 2026]

[7 Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley, „Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á Íslandi,“ EFLA, Reykjavík, 2020]

[8 Vegagerðin, „Umferð og slysatíðni,“ 2024. [Á neti]. Available: <https://umferd.vegagerdin.is/>.]

[9 Vegagerðin, „Veghönnunarreglur,“ 2011. [Á neti]. Available: <https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/gagnasafn/leidbeiningar-og-reglur>.]

[10 Statens vegasen, „N100:2023,“ 2023. [Á neti]. Available: <https://viewers.vegnorm.vegvesen.no/product/859984/nb>.]

[11 Stjórn Vatnamála, „Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot,“ 2025. [Á neti]. Available: https://www.vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3%b0beiningar%20um%20%c3%a1hrifamat%20fyrir%20vatnshlot_%c3%9atg.1_Desember%202024.pdf]

[12 Stjórn Vatnamála, „Tungnaárhraun,“ 2025. [Á neti]. Available: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-308-G>]

[13 Stjórn Vatnamála, „Tungnaá 1,“ 2025. [Á neti]. Available: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-1362-R>]

[14 Stjórn Vatnamála, „Hrauneyjarkvísl,“ 2025. [Á neti]. Available: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-1361-R>]